

# STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1989

---

---

6. desember 1989

1127

Nr. 573

## AUGLÝSING

### um endurgreiðslu söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Sjávarútvegsráðuneytið hefir ákveðið að endurgreiðsla vegna uppsöfnunar söluskatts við kaup á aðföngum fiskvinnslu falli niður vegna útflutnings í desember þar til annað verður ákveðið. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 504, 30. október 1989.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. desember 1989.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

6. desember 1989

Nr. 574

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 462 5. desember 1984 um búnaðarfræðslu.

1. gr.

1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þess að nemandi standist burtfararpróf skal hann hljóta að minnsta kosti 5,0 í meðaleinkunn. Til að standast próf í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í eftirfarandi áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5. Þó er nemandi heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga er að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 55/1978 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*